



# Stefna fiskeldisdeildar

---

Selfoss 23. janúar 2024



## Efnisyfirlit

1. Umfang og starfsemi .....	2
2. Stöðumat og helstu áskoranir .....	2
3. Framtíðarsýn og meginmarkmið .....	3
4. Markmið .....	3
5. Áætlun fiskeldisdeildar .....	3

## 1. Umfang og starfsemi

Stefna þessi fjallar um starfsemi fiskeldisdeildar Matvælastofnunar sem ætlað er að stuðla að ábyrgu lagareldi og standa vörð um heilbrigði og velferð lagardýra. Þegar Matvælastofnun tók við málaflokknum frá Fiskistofu í upphafi árs 2015 var heildarumfang fiskeldis á Íslandi rúm 8.000 tonn í sjókvía- og landeldi en voru tæp 50.000 tonn árið 2023. Útflutningsverðmæti laxeldis árið 2022 voru 49 milljarðar. Samkvæmt áætlun Boston Consulting Group verður umfang lagareldis á Íslandi um 245.000 tonn og verðmætasköpun 242 milljarðar íslenskra króna árið 2032.

Helstu verkefni fiskeldisdeildar eru:

- Útgáfa og umsýsla rekstrarleyfa
  - Ný rekstrarleyfi
  - Endurnýjun rekstrarleyfa
  - Breyting rekstrarleyfa
  - Framsal rekstrarleyfa
  - Skráning fiskeldisfyrirtækja
  - Umsagnir við umhverfismat framkvæmda
- Aðkoma að laga- og reglugerðarbreytingum
  - Ráðgjöf til Matvælaráðuneytisins
- Samskipti við hagaðila
- Eftirlit með rekstri og búnaði
  - Eftirlit með innra eftirliti rekstraraðila
  - Eftirlit með ástandi búnaðar
  - Eftirlit með vörnum gegn stroki
  - Rannsókn strokatburða
- Eftirlit með sjúkdómum og velferð
  - Eftirlit með lús og lúsameðhöndlun
  - Eftirlit með smitvörnum
  - Sýnatökuáætlanir og heilbrigðisvottorð
  - Samskipti við erlendar systrastofnanir
  - Viðhalda sjúkdómastöðu landsins
- Viðbragðsáætlanir við tilkynningarskyldum sjúkdómum

## 2. Stöðumat og helstu áskoranir

Ein helsta áskoranin fiskeldisdeildar er endurskoðun á lagaumhverfi lagareldis á Íslandi en aðkoma starfsfólks fiskeldisdeildar er töluverð í þeim málum sem ráðgjafar Matvælaráðuneytisins. Miðað við núverandi lagaumhverfi eru áskoranir umtalsverðar m.a. varðandi lús, smitvarnir og strok þar sem fiskeldisdeildin hefur ekki nægileg úrræði til þess að stuðla að góðum forvörnum og viðbrögðum. Einnig þarfnast deildin betri upplýsingatækni og stafrænar lausnir til þess að hafa góða yfirsýn yfir stöðu fiskeldisstöðva í landinu og einfalda alla ferla, m.a. í leyfisveitingum.

Í upphafi árs 2024 bætast við 6 ný stöðugildi hjá fiskeldisdeild og verða stöðugildin því orðin 11,8 í lok árs. Á næstu tveimur árum er gert ráð fyrir 6 stöðugildum til viðbótar. Fiskeldisdeildin hefur tekið í notkun tvo neðansjávardróna til eftirlits og gert er ráð fyrir að taka í notkun einn bát árið 2024 og annan bát árið 2025.

### 3. Framtíðarsýn og meginmarkmið

Framtíðarsýn fiskeldisdeildar er að eftirlit og stjórnsýsla fiskeldis á Íslandi verði í fremstu röð og fyrirmynd annarra ríkja þar sem starfrækt er sambærileg starfsemi. Meginmarkmið fiskeldisdeildar er að stuðla að ábyrgu fiskeldi og standa vörð um heilbrigði og velferð lagardýra.

### 4. Markmið

1. Stuðla að ábyrgu lagareldi og standa vörð um heilbrigði og velferð lagardýra
  - Þróun eftirlits
  - Bættar smitvarnir
  - Bætt velferð
  - Færri strokfiska í ám
2. Hlúa að starfsfólki fiskeldisdeildar með áherslu á gott vinnuumhverfi, símenntun og jákvæða menningu
  - Þróun þekkingar
  - Öflugri liðsheild deildar
  - Aukin starfsánægja innan Matvælastofnunar

### 5. Áætlun fiskeldisdeildar

Ár hvert verður verkefnaáætlun fiskeldisdeildar uppfærð og er megintilgangur hennar að fylgja stefnunni eftir ásamt því að uppfylla markmið hennar. Fiskeldisdeild mun hittast síðustu viku í maí og síðasta dag fyrir starfsdag ár hvert, fara yfir framvindu verkefna og endurskoða verkefni deildarinnar. Stefnan skal kynnt og samþykkt af yfirstjórn og birt á heimasíðu Matvælastofnunar að lokinni samþykkt.